

**1997 nr. 96 27. maí****Lög um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum**

Tóku gildi 1. júlí 1997. Breytt með l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 82/2002 (tóku gildi 1. júní 2002), l. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

**I. kafli. Tilgangur, gildissvið o.fl.**

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem kostur er gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða, að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður, að þær séu metnar og flokkaðar eftir tegundum og gæðum og að merkingar og upplýsingar séu réttar.

■ **2. gr.** Lög þessi ná yfir:

- eldi og heilbrigði sláturdýra,
- slátrun, hlutun, úrbeiningu og vinnslu sláturafurða í sláturhúsum,
- framleiðslu á kjötvörum í sláturhúsum og vinnslustöðvum sem vinna sláturafurðir á erlendan markað,
- geymslu og flutning sláturafurða og aðstöðu og meðferð þeirra á útflutningsstað,
- heilbrigðisskoðun og rannsóknir á sláturdýrum og sláturafurðum,
- gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti,
- heimaslátaraðar afurðir,
- villibráð sem fer til frekari vinnslu í kjötvinnslustöðvum.

■ **3. gr.** Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

*Kjötmatsmaður:* Hver sá kjötmatsmaður sem hefur fengið viðurkenningu [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis].<sup>1)</sup>

*Kjötskoðunarlæknir:* Héraðsdýralæknir, eða annar dýralæknir samkvæmt ákvörðun [Matvælastofnunar],<sup>1)</sup> sem annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum.

*Kjötvinnslustöð:* Hver sú aðstaða, tengd sláturhúsi, sem hefur verið löggilt til vinnslu sláturafurða eða til útflutnings afurða á erlendan markað.

*Slátrari:* Hver sá aðili sem hefur hlotið viðurkenningu [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis]<sup>1)</sup> til að starfa sem slátrari.

*Sláturafurðir:* Kjöt og slátur af öllum sláturdýrum.

*Sláturdýr:* Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr sem sláttrað er til manneldis.

*Sláturleyfishafi:* Hver sá sem fengið hefur löggildingu á sláturhúsi.

*Sláturúrgangur:* Afurðir sem falla til við slátrun sláturdýra og ekki eru nýttar til manneldis.

*Villibráð:* Villt dýr sem ætluð eru til manneldis.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **4. gr.** [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. [[Matvælastofnun]<sup>1)</sup> skal vera [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laganna.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 13. gr.

**II. kafli. Útbúnaður sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.**

■ **5. gr.** Sláturdýrum, sem sláttra á til að flytja afurðirnar á erlendan markað eða til dreifingar og neyslu innan lands, skal sláttra í löggiltum sláturhúsum. Kæling og frysting afurðanna skal fara fram í viðurkenndum kælum og frystum og geymsla þeirra í viðurkenndum kæligeymslum og frystigeymslum.

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> löggildir sláturhús, kjötgeymslur og kjötvinnslustöðvar, að fengnum meðmælum [Matvælastofnunar],<sup>1)</sup> ef húsin eru svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði að hægt sé þess vegna að fullnægja öllum kröfum um gæði, heilnæmi og hollustu afurðanna. Í löggildingu sláturhúss skal tilgreina hámarksdagsslátrun. Í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum skulu vera löggiltar vogir.

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð<sup>2)</sup> um gerð og búnað sláturhúsa og kjötvinnslustöðva, lágmarkskröfur varðandi fyrirkomulag, hreinlæti og útbúnað þeirra, rekstur rannsóknastofa, reglur um notkun hreinsis- og sóttþreinsiefna og eftirlit með heilsufari starfsfólks.

□ Eigendum lögbýla er heimilt að sláttra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> getur sett reglur um töku og sendingu sýna til rannsóknar úr þessum sláturdýrum og afurðum samkvæmt tillögum [Matvælastofnunar].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>2)</sup> Rg. 260/1980, sbr. 417/2002 og 688/2002; rg. 461/2003, rg. 637/2005.

■ **6. gr.** Hver sá sem hyggst sláttra dýrum sem lög þessi taka til í þeim tilgangi að dreifa afurðum skal senda [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti]<sup>1)</sup> umsókn um löggildingu aðstöðu til slátrunar, kælingar, frystingar, vinnslu og geymslu sláturafurða. Hver sá sem hyggst byggja hús til slátrunar, úrvinnslu eða geymslu sláturafurða eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum skal senda [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti]<sup>1)</sup> teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu skulu kjötskoðunarlæknar annast árlega skoðun á sláturhúsum, kjötgeymslum og kjötvinnslustöðvum undir stjórn [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> og samkvæmt reglum sem [stofnunin]<sup>2)</sup> setur.

□ Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um þekkingu og verkunnáttu verkstjóra og slátrara, en í hverju sláturhúsi skal að öðru jöfnu starfa maður með slátraramenntun.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 14. gr.

■ **7. gr.** Nú fullnægir sláturhús, kjötgeymsla eða kjötvinnslustöð eigi lengur skilyrðum fyrir löggildingu, og ber þá kjötskoðunarlækni sem eftirlitið hefur annast að skýra þeim sem sláturleyfi hefur og [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> samstundis frá því. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> setur umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það sem ábótavant er. Löggildingin fellur niður um stundarsakir ef eigi er bætt úr göllum innan frestsins. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> tilkynnir þá jafnframt ráðherra að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð uns úr hefur verið bætt.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **8. gr.** [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð<sup>2)</sup> ákvæði um flutning sláturafurða á markað, útbúnað flutningatækja og meðferð afurðanna í flutningi.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>2)</sup> Rg. 461/2003.

■ **9. gr.** Slösuðum dýrum má sláttra utan sláturhúsa í samræmi við nánari reglur sem [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> setur að fengnum tillögum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> og í samráði við umhverfisráðherra.

□ Ekki má koma með sýnilega sjúk dýr í sláturhús til förgunar, nema sérstakur klefi sé til þeirra nota einna í sláturhúsinu.

□ Sjálfdaugar skepnur eða afurðir af þeim má aldrei flytja í sláturhús, kjötgeymslur eða kjötvinnslustöðvar.

□ Sláturdýr, sem komin eru í sláturhúsrétt, má eigi flytja þaðan til lífs heldur skal þeim slátrað, nema til komi leyfi [Matvælastofnunar].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

### III. kafli. Eftirlit.

■ **10. gr.** Sláturdýr mega ekki vera haldin sjúkdómi né bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð ákvæði um:

a. rannsóknir og eftirlit sláturdýra til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna,

b. söfnun gagna og nauðsynlega sýnatöku úr sláturdýrum heima á lögbýlum til að kanna útbreiðslu sjúkdóma, smitefna og aðskotaefna, þar með talin vaxtaraukandi efni,

c. hvernig háttá skal sýnatöku úr sláturafurðum varðandi gerlamengun,<sup>2)</sup> lyfjaleifar,<sup>3)</sup> aðskotaefni og vaxtaraukandi efni,

d. heilbrigðisskoðun og merkingar á sláturdýrum og sláturafurðum og um meðferð afurðanna,<sup>4)</sup>

e. geymslu, meðferð og ráðstöfun á sýktum sláturafurðum og sláturúrangi,<sup>5)</sup>

f. lágmarksreglur varðandi innra eftirlit sláturhúsa.<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>2)</sup> Rg. 650/2001, rg. 730/2003. <sup>3)</sup> Rg. 653/2001, sbr. 866/2002, 580/2003, 639/2003, 480/2004, 578/2005, 91/2007, 798/2007, 965/2007, 1218/2007, 124/2008, 196/2008, 443/2008 og 569/2008. <sup>4)</sup> Rg. 461/2003. <sup>5)</sup> Rg. 820/2007, sbr. 679/2008 og 930/2008. <sup>6)</sup> Rg. 40/1999.

■ **11. gr.** Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturdýrum áður en slátrun fer fram og mega ekki líða meira en 12 klukkustundir frá þeirri skoðun og til slátrunar. Þó þarf slík skoðun ekki að fara fram ef upplýsingar um eldi, heilbrigði og lyfjagjöf fylgja sláturgrip í sláturhús samkvæmt reglum<sup>1)</sup> sem [Matvælastofnun]<sup>2)</sup> setur. Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar. Að skoðun lokinni skal kjötskoðunarlæknir merkja sláturafurðirnar samkvæmt reglugerð<sup>3)</sup> er [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum [Matvælastofnunar].<sup>2)</sup>

□ Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum skal [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> innheimta gjald af sláturleyfishöfum af öllu innvegnum kjöti í sláturhúsi sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu [Matvælastofnunar].<sup>2)</sup> [Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera 2,10 kr. fyrir hvert kíló kindakjöts, 3,00 kr. fyrir hvert kíló svínakjöts, 2,20 kr. fyrir hvert kíló nautgripakjöts, 2,90 kr. fyrir hvert kíló hrossakjöts og 6,50 kr. fyrir hvert kíló alifuglakjöts.]<sup>4)</sup>

□ Ráðherra setur nánari ákvæði<sup>5)</sup> um framkvæmd eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalds samkvæmt þessari grein.

<sup>1)</sup> Rgl. 491/1997. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>3)</sup> Rg. 461/2003. <sup>4)</sup> L. 82/2002, 1. gr. <sup>5)</sup> Rg. 336/2005.

■ **12. gr.** Kjötskoðunarlæknir annast heilbrigðisskoðun og sér um að fram fari merking á kjöti og öðrum sláturafurðum. Ef nauðsyn krefur má fela heilbrigðisskoðun þessa öðrum sem í því skyni hafa næga þekkingu og þjálfun að mati [Matvælastofnunar],<sup>1)</sup> enda starfi þeir eingöngu undir stjórn kjötskoðunarlæknis.

□ Kjötskoðunarlæknir skal hafa eftirlit með því að fyllsta hreinlætis sé gætt í sláturhúsi, umgengni sé þrifaleg og afurðirnar óhreinast ekki eða sóttmengist. Hann skal hafa eftirlit með þrifum og sóttreinsun á byggingum og búnaði í sláturhúsum og í kjötvinnslustöðvum sem lög þessi ná til. Þá skal hann hafa eftirlit með meðferð afurða, svo sem kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, þökkun, merkingu og hleðslu flutningataekja.

□ Kjötskoðunarlæknir skal fylgjast reglulega með innra eftirliti sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **13. gr.** [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> getur fyrirskipað sérstaka heilbrigðisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögbodna heilbrigðisskoðun og merkingu.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

### IV. kafli. Meðhöndlun og heilbrigði sláturafurða.

■ **14. gr.** Sláturafurðir og unnar kjötvörur má ekki framleiða, selja eða afhenda ef afurðirnar eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti og hætta er á sýkingum eða eitrunum við venjulega neyslu þeirra.

□ Sláturafurðum, sem reynast spilltar eða sýktar svo að hætta getur stafað af til mannelis eða fôðurgerðar samkvæmt ákvörðun kjötskoðunarlæknis, skal þegar í stað eytt samkvæmt reglum<sup>1)</sup> sem [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> setur.

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> getur fyrirskipað dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögnum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> setur reglugerð<sup>3)</sup> um slátrun, kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, þökkun, flutning og aðra meðferð sláturafurða.

<sup>1)</sup> Rg. 820/2007, sbr. 679/2008 og 930/2008. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>3)</sup> Rg. 484/1998, sbr. 723/1999, 635/2000, 724/2001, 786/2001 og 709/2003; rg. 653/2001, sbr. 866/2002, 580/2003, 639/2003, 480/2004, 578/2005, 91/2007, 798/2007, 965/2007, 1218/2007, 196/2008, 443/2008 og 569/2008; rg. 461/2003.

### V. kafli. Gæðamat sláturafurða.

■ **15. gr.** Kjötmatsmenn skulu meta allar sláturafurðir sem fluttar eru á erlenda markað eða til sölu innan lands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá gæta kjötmatsmenn þess, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, að reglum um slátrun og sláturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Um störf og skyldur kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð sem [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> setur. Sláturleyfishafar greiða allan kostnað af starfi kjötmatsmanna.

□ Heimilt er að óska eftir yfirmati á sláturafurðum og skal rökstudd beiðni þar um send [Matvælastofnun].<sup>1)</sup>

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> er hafi samráð við helstu hagsmunaaðila.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **16. gr.** [[Matvælastofnun]<sup>1)</sup> samræmir mat og flokkun á sláturafurðum samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> getur einnig, eftir því sem þörf er á, gert athugun á sláturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlenda markað.<sup>2)</sup>

□ Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta, sem sláturleyfishafar greiða, skal vera 0,55 kr. á hvert kíló kjöts sem innvegið er í sláturhúsi. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 17. gr.

**VI. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **17. gr.** Ráðherra setur, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar],<sup>1)</sup> gjaldskrá<sup>2)</sup> þar sem kveðið er á um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og uppruna- og heilbrigðisvottorð fyrir sláturafurðir sem seldar eru innan lands eða fluttar á erlendan markað. Við ákvörðun gjalda skal miða við að tekjur standi undir nauðsynlegum kostnaði við úttekt á kjötvinnslustöð og útgáfu heilbrigðisvottorða.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>2)</sup> Rg. 168/1970, sbr. 630/1982, 399/1987, 597/1994, 466/1996 og 461/2003.

■ **18. gr.** [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> og kjötskoðunarlæknum skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði og fyrirtækjum þar sem sláturdýr eða afurðir þeirra eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er á grundvelli laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **19. gr.** Óheimilt er að flytja úr landi sláturafurðir sem ekki uppfylla kröfur innflutningslandsins um heilbrigði, gæði, umbúðir og merkingar.

■ **20. gr.** Ráðherra er heimilt að afturkalla löggildingu ef sláturleyfishafi brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, settra samkvæmt þeim, m.a. ef sláturleyfishafi stendur ekki skil á gjöldum skv. 11., 16. og 17. gr.

**VII. kafli. Refsiákvæði og gildistaka.**

■ **21. gr.** Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum]<sup>1)</sup> ef sakir eru miklar.

□ . . . <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 240. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008, 233. gr.

■ **22. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. . . .

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 30/1966, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

■ **II.** . . .